

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð, frá Ytri-Hlíð til Ljótsstaða í Vopnafjarðarhreppi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2021/7



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Ljósstaðir, mynd tekinn í norð-austur.



© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/7

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	8
HEIMILDASKRÁ.....	9

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið nær frá Ytri-Hlíð til Ljótsstaða í Vopnafjarðarhreppi en áform eru uppi um að leggja strenginn haustið 2021.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Vettvangsskráningin fór fram í fyrri hluta í ágúst 2021.

Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum fyrir góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2703.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngríp eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mögröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

-
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”²

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”³

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

² Heimasíða Alþingis.

³ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁴

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1999 til 2017 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimafélki. Þar að auki voru góðar upplýsingar um mannvirki frá fyrri tíð í bókinni Sveitir og Jarðir í Múlaþingi I. bindi. Ekki hafði farið fram fornleifaskráning áður á þessum jörðum að undanskildri Ytri-Hlíð þar sem fornleifaskráning á deiliskipulagi hafði verið gerð á svipuðum slóðum og rafmagnsstrengurinn á að liggja.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem gengið var eftir fyrirhugðu framkvæmdasvæði. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2016/2004/2013 og 2017.

Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁴ Heimasíða Minjastofnunnar.

4. Fornleifaskráning

Ytri-Hlíð:

Í Jarðarbók Johnsens er jörðin metinn að 12 hundruð jörð að dýrleika, $\frac{1}{4}$ var fátækraeign í eigu Vopnafjarðarhrepps en $\frac{3}{4}$ í bændaeign.⁵

Jörðin þótti ekki góð til búskapar miðað við fyrri tíðar hætti, vetrarþétt var stöpul vegna snjóþýngsla og sumarhagar rýrir, fé gekk í Haukstaðaheiði.⁶ Túnið var að mestu leyti þýft, engjar voru dreifðar og lélegar, einnig var torfrista léleg.⁷

Bærinn stendur aðeins innan við miðju jarðarinnar um 100 m yfir sjávarmáli og er skammt yfir að Búastöðum austan Vesturdalsár.⁸ Gamla bæjarstæðið stóð hátt í hlíð nokkuð ofar en núverandi íbúðarhús⁹ á Ytri-Hlíð 2.¹⁰ Nýbýlið Ytri-Hlíð var stofnað 1955 og í fyrstu var sameiginlegt íbúðarhús þrátt fyrir aðskilin búskap.¹¹

Ekki fundust neinar fornleifar eða heimildir um þær á framkvæmdasvæði Raríks. Eldra bæjarstæði er nokkuð fyrir ofan svæðið sem liggur eftir túni og svo inn á svæði sem þegar hefur verið gerð fornleifaskráning vegna veglagningar og byggingu veiðihúss.¹²

Einu heimildir um menningarminjar á svæðinu var örnefnið Kotlækur sem lögnin mun fara yfir en samkvæmt Sveitum og Jörðum í Múlaþingi var skammt norð-austur af túni Kotlækur og Kotgróf og var þar vottur af fornbylirústum.¹³ Ekki sáust neinar leifar um þær á vettvangi né á loftmyndum og talið er að þær hafi verið nokkuð ofar og séu því utan svæðis.

Búastaðir:

Í Jarðarbók Johnsens er jörðin sögð vera bændaeign og metinn 12 hundruð jörð að dýrleika.¹⁴

Búastaðir eru í Vopnfirðingsögu og tilheyrði henni hjáleigan Gröf, sem var síðar seld til Vakursstaða.¹⁵ Jörðin þótti góð jörð, frábær að jarðsæld og hættalaus búpeningi.

Landið liggur hagalega við framfærslu og ræktunarmöguleikar voru góðir. Góð hlunnindi voru af lax og silungsveiði. Svarðtekja var einnig góð og var mikið nytjuð fram á síðustu öld.¹⁶

Ekki fundust neinar fornleifar né heimildir um þær á framkvæmdasvæðinu. Samkvæmt heimildarmanni var gamla bæjarstæðið á Búastöðum í trjávöxnum garði vestan við íbúðarhúsið.

Ekki vissi hann um neinar menningarminjar þar sem rafmagnsstrengurinn á að koma.¹⁷ Hluti svæðisins liggur í túni en stærsti hlutinn liggur við gamlan veg.

⁵ J. Johnsen, bls. 351.

⁶ Ármann Halldórsson, bls. 99.

⁷ Ármann Halldórsson, bls. 98.

⁸ Ármann Halldórsson, bls. 98.

⁹ Ármann Halldórsson, bls. 99.

¹⁰ Rannveig Þórhallsdóttir, bls. 5.

¹¹ Ármann Halldórsson, bls. 99.

¹² Rannveig Þórhallsdóttir, bls. 5.

¹³ Ármann Halldórsson, bls. 99.

¹⁴ J. Johnsen, bls. 352.

¹⁵ Ármann Halldórsson, bls. 107.

¹⁶ Ármann Halldórsson, bls. 109.

¹⁷ Sigmar Búi Sigþórsson, munnleg heimild.

Vakursstaðir:

Í Jarðarbók Johnsens er jörðin sögð vera bændaeign og metinn 12 hundruð jörð að dýrleika.¹⁸ Vakursstaðir eru og hafa verið í eign bænda og sýslumanna. Hjáleiga eða fornbýli var frá Vakurstöðum skammt norð-austan við túnið og voru þar rústir, einnig var hjáleiga á Selárbakka og svo rústir upp á Selhrygg á flóum á Vesturdashálshálsi og sagnir um sel þar. Að auki tilheyrði Vakurstöðum eyðibýlið Gröf sem fór í eyði 1785.¹⁹

Jörðin þótti góð til búskapar og góð vetrarheit og víðlendi mikið ásamt góðum sumarhögum fyrir alla gripi. Afréttarland skorti til upprekstrar en fé gekk í Hauksstaðaheiði og Mælifellsheiði.

Gildi jarðarinnar til búskapar hefur haldist í gegnum tímann og eru ræktunarskilyrði mikil og góð einkum á nesjunum, vestan ár í dalnum. Jörðinni tilheyrir veiðiréttur í Vesturdalsá og Selá.

Árið 1953 var nýbýlið Vakursstaðir II stofnað og tilheyrir landinu 1/3 úr landi Vakursstaða og hálf Grafarland.²⁰

Ekki fundust neinar fornleifar né heimildir um þær á framkvæmdasvæðinu. Samkvæmt heimildarmanni var gamla bæjarstæðið nokkurn veginn mitt á milli gamla íbúðarhússins á Vakurstöðum II og skemmu þar skammt fyrir ofan og því nokkuð frá rafmagnsstrengnum.²¹ Svæðið liggur meðfram heimreið og svo í túnnum og ekki sáust nein ummerki á staðnum. Heimildarmaður þekkti vel til menningarminja á staðnum en hafði ekki vitneskju um neinar á þessari leið.

Ljósstaðir:

Í Jarðarbók Johnsens er jörðin sögð vera bændaeign og metinn 20 hundruð jörð að dýrleika.²²

Í munnmælum er þess getið að upphaf byggðar á Ljósstöðum megi rekja til Ljóts sem er sagður vera heygður á Ljósstaða núpi hæst á hálsi upp af bæ ásamt Lýtingi og Leif á samnefndum bæjum í Selárdal.

Á 19. Öld virðist eignarhaldið á jörðinni vera komið í parta og oft er tví- og þríbýli.²³ Árið 1953 var nýbýlið Ljósstaðir I stofnað en 1971 var engjum og túnnum skipt á milli Ljósstaða I og II.²⁴

Ljósstaðir þóttu góð jörð og gott beitaland, sérstaklega jarðsælt austan ár. Engjar voru grasgefnar og samfelldar í árnesjunum en annars dreifðar um gamla túnið. Veiðiréttur í Vesturdalsá tilheyrir jörðinni og áður fyrr tilheyrði rekafjara á Hámundarstöðum. Á jörðinni var gamalt eyðibýli, Borgarstekkur, en þar varð síðar steipt fjárhús, hlaða og ræktað land.²⁵ Í bókinni sveitir og jarðir í Múlaþingi segir að bænhus hafi verið á staðnum og hafi sést ummerki um það áður en túnið var

¹⁸ J. Johnsen, bls. 351.

¹⁹ Ármann Halldórsson, bls. 96.

²⁰ Ármann Halldórsson, bls. 96.

²¹ Sverrir Jörgenssen, munnleg heimild.

²² J. Johnsen, bls. 351.

²³ Ármann Halldórsson, bls. 92.

²⁴ Ármann Halldórsson, bls. 93.

²⁵ Ármann Halldórsson, bls. 93.

sléttað.²⁶ Í örnefnaskrá segir hins vegar að ekki sé vitað lengur um staðsetningu á því. Þar að auki eru upp talin örnefnin Hesthúshóll, Smiðjuhóll og Fjárhúshóll sem hafi verið í heimatúninu.²⁷ Samkvæmt heimildarmanni voru tóftir fyrir ofan íbúðarhúsið á Ljótssstöðum 2 sem voru sléttaðar.²⁸ Ekki fundust neinar fornleifar við vettvangskönnun og einu þekktu minjarnar voru nokkuð fyrir ofan svæðið.

²⁶ Ármann Halldórsson, bls. 92.

²⁷ Örnefnaskrá, Ljótssstaðir, bls. 5.

²⁸ Kristbjörg Jörgensdóttir, munnleg heimild.



Nafn	YTRI-HLÍÐ - LJÓTSSTAÐIR		Skýringar:
	Dags.	26.08.2021 hj	
VOPNARFJARÐARHREPPUR	Mælikv.	1:18000 í A3	Áætluð leið rafmagnsstrengss Rariks frá Ytri-Hóli - Ljósstaða í Vopnafjarðarhreppi.
Unnið eftir mynd nr.		e752/e753 e762/e763	Löftmyndir ehf. frá 2016/2004/2013/2017



BÚGARÐUR

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI

Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

5. Samantekt

Þrátt fyrir að fyrirhugað framkvæmdasvæði nái yfir fjórar jarðir var ekki hægt að finna neinar fornleifar sem voru í hættu vegna framkvæmdanna. Ástæðan fyrir því geta verið margar, til að mynda er leiðin sem jarðstrengurinn á að liggja oft innan eða nærri svæða sem einhverjar jarðraskanir hafa þegar átt sér stað s.s. vegan túnasléttunar eða veglagningar.

Þrátt fyrir að ásamt vettvangskönnun hafi verið farið í heimildaröflun, virtust allar þekktar fornleifar vera nokkuð fyrir utan 15 m friðhelgunarsvæða fornleifanna. Á Ytri-Hlíð var þegar búið að afmarka nokkuð stórt svæði fyrir deiliskipulag sem fornleifaskráning hafði þegar verið gerð. Þar var veglagning í gangi ásamt byggingu veiðihúss og framkvæmdasvæði Rarik var nokkuð nærri þeim vegi.

Samkvæmt þessum upplýsingum virðist ekkert vera því til fyrirstöðu um að leggja rafmangsstrenginn eftir þeirri leið sem þegar hefur verið lögð fram.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

6. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson, ritstjóri jarðlýsinga. (1974). Sveitir og jarðir í Múlaþingi. I. bindi. Strönd, Vopnafjörður, Jökulsárhlíð, Jökuldalur, Hróarstunga, Fell. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

J. Johnsen. (1847). Jarðartal á Íslandi. Með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og presta köllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Ytri-Hlíð, Vopnafirði. Sagnabrunnur.

Örnefnaskrá. Ljósstaðir. Vopnafjarðarhreppur. Norður-Múlasýsla. Samlesnið S.J. Örnefnastofnun.

Heimildarmenn:

Kristbjörg Jörgensdóttir, 1958, Fagrasíða 5b Akureyri.

Sigmar Búi Sigþórsson, 1974, Búastaðir, Vopnafjarðarhreppur.

Sverrir Jörgenssen, Vakurstöðum 2, Vopnafjarðarhreppur.